

Sp.

572. Nefndarálit

um till. til þál. um undanþágu á aðflutningstollum til rafvirkjana.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar. Vilja þeir LJós og ÞG samþykkja hana eins og hún liggur fyrir.

Vér undirritaðir nefndarmenn teljum það réttari leið, þegar farið er fram á jafnmikilvæga breytingu á lagafyrirmælum og felst í tillögu þessari, að þá verði þær breytingar fluttar í frumvarpsformi og afgreiddar, ef samþykktar eru, sem lög frá Alþingi. Hafa undanþágur, sem gerðar hafa verið frá tollskrá, verið afgreiddar sem lög um breyting á henni, sbr. t. d. undanþágu á innfluttu efni til fiskikassagerðar. Hér í till. þessari er um að ræða geysirýrnun á tolltekjum ríkissjóðs, jafnvel svo skiptir milljónum króna, ef taldar eru allar þær rafvirkjanir, sem nú eru á döfinni. Virðist oss sjálfsagt, að slíkt mál sæti sömu athugun í deildum Alþingis og frumvörp um aðrar lagabreytingar.

Samkvæmt framansögðu leggjum vér til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem lögum verður ekki breytt með þingsályktun og venja er orðin á Alþingi að heimildar til þess að fella niður eða lækka toll af sérstökum vörutegundum sé leitað með breytingu á tollskrá, litur Alþingi svo á, að leita beri slíkrar heimildar, sem tillögugreinin ræðir um, í frumvarpsformi og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. marz 1943.

Finnur Jónsson,
form.

Helgi Jónasson,
fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson,
frsm.

Jónas Jónsson.

Páll Zóphóniasson.

Pétur Ottesen.

Sig. E. Hliðar.